

Skýrsla kennsluráðgjafa

Skólaárið 2017-2018



Helga Hauksdóttir
fræðslusviði Akureyrarbæjar
júní 2018



Sumar 2017

Fyrri hluti júní-mánaðar fór í frágang síðasta skólaárs; að ganga frá námsmáti, gögnum og að skrifa skýrslu skólaársins

2016-2017.

Síðan tók við lokafrágangur á litlu hefti á ensku með upplýsingum um starf grunnskólanna á Akureyri. Það var síðan sent í þýðingu á pólsku og tailensku og var frágengið í júlí til rafrænnar birtingar á vef.

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/06/About-schools_enska_Word_JB_2018.pdf

Næsta skref var að útbúa upplýsingaefni um stoðþjónustu grunnskólanna, bæði innan skólanna sjálfra og utan þeirra. Það efni var síðan þýtt á ensku, pólsku og tailensku og var tilbúið til birtingar á vef í lok septembermánaðar.

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/10/stodtjonusa_enska_2017.pdf

Vinnu starfshóps um endurskoðun fjölmenningsstefnu Eyþings lauk í lok júní og var tillögunni þá skilað til stjórnar Eyþings. Gunnar Gíslason og Linda Margét Sigurðardóttir voru í starfshópnum, auk mín. Tillögur okkar voru teknar til skoðunar á aðalfundi Eyþings í ágúst. Þar með er orðinn til endurskoðaður grunnur fyrir sveitarfélög Eyþings til að nýta, staðfæra og gera, eftir atvikum og aðstæðum á hverjum stað, að sinni fjölmenningsstefnu. Stefnuna, eins og henni var skilað til Eyþings má sjá á þessari slóð:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/12/fjolemningsstefna_eythings_2017_lokautgafa.pdf

Ég var síðan með kynningu á endurskoðaðri fjölmenningsstefnu á fundi fræðsluráðs í janúar 2018.

Stærsta verkefni sumarsins 2017 var að útbúa samantekt fyrir kennara um flesta þá þætti sem þeir þurfa að huga að þegar þeir fá erlendan nemanda í bekkinn sinn. Þar eru leiðbeiningar um undirbúning fyrir móttökuviðtal, yfirlit um námsefni, sem hefur verið raðað eftir þyngdarstigi, aðlagað efni, þýtt efni, orðalistar, upplýsingar um samstarf við foreldra, kennsluáðferðir og fleira.

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/09/Samantekt-fyrir-kennara.pdf>

Þetta hefti hefur síðan verið endurskoðað eftir þörfum, t.d. um áramót, þegar gjaldskrár bæjarins breyttust, þegar ég fann nýtt námsefni sem hentaði vel í kennslu o.s.frv.

Fræðsla og endurmenntun Námskeið, fundir og ráðstefnur

Ráðstefna í Malmö 31. ágúst – 1. september:

Rannís bauð fulltrúa Akureyrarbæjar þátttöku á ráðstefnu um móttöku innflytjenda og flóttabarna dagana 31. ágúst – 1. september og var mér boðið að fara. Ráðstefnan var haldin í Malmö í Svíþjóð og þar voru 9 fulltrúar frá Íslandi en alls voru þátttakendur um 120 talsins frá öllum Norðurlöndum.

Á ráðstefnunni var áhersla lögð á samábyrgð landa og þjóða Evrópu um

móttöku flóttafólks, sem oftast er að flýja aðstæður sem hægt er að líkja við „helvíti á jörð.“ Lönd Suður-Evrópu hafa borið hitann og þungann af móttöku flóttafólks sem kemur yfir Miðjarðarhafið en önnur lönd verða einnig að axla ábyrgð. Rætt var um ofbeldi og öfgahópa og áhættuhópa einstaklinga sem eru einmana, einangraðir, án atvinnu eða skóla og reiðir út í skilningsleysi samfélagsins. Margir umhugsunarverðir þættir voru reifaðir þessa daga.

Þegar heim kom útbjó ég kynningu á ferðinni í Powerpoint og sagði samstarfsfólki á fræðsluviði frá helstu áherslupáttum.

Var einnig með kynningu á ferðinni á fundi sviðsstjóra Akureyrarbæjar.



Þátttakendurnir frá Íslandi

Heimsókn Angelu Panos


Dagana 21. og 22. september fengum við á fræðsluviði Angeleu Panos í heimsókn með fræðslu um áföll og hvernig hægt er að vinna úr áföllum með flóttafólki. Angelea fundaði með ýmsum hópum sem hafa komið að móttöku



flóttafjölskyldnanna okkar, t.d. kennurum. Mjög góð og gagnleg heimsókn.

Náms- og kynnisferð til Stokkhólms 5. – 11. nóvember.

Þessi ferð var hluti af Nordplus verkefni; *ISL-Icebridge shares and learns*. Hjá Folkuniversitetet í Stokkhólmi var kynning á sænsku umhverfi á sviði náms í öðru tungumáli og einnig heimsóttum við grunnskóla, fræðsluskrifstofu, ræddum við kennara, einn skólustjóra, fræðslustjóra og íslenskan sálfræðing sem vinnur í sveitarfélaginu Lidingö á Stokkhólms-svæðinu.



Í Lidingö er nú lögð mikil áhersla á námskeið fyrir kennara um kennslu tvítyngdra barna en aukinn fjöldi innflytjenda hefur verið í sveitarfélagið, þar sem íbúafjöldi er um 47.000 manns. Þar er nokkurs konar móttökubekkur eða „skólabrú“ í einum skólanum en þangað fara aðeins nemendur yfir 10 ára aldri sem hvorki hafa skilning á sænsku né ensku. Í móttökubekknunum eru nemendur til að læra allra fyrstu orðin og tjáskipti daglegs lífs. Þar eru þeir oft í þrjár til fjórar vikur og fara síðan í sína hverfissskóla, þar sem þeir fá áfram aðstoð við sænsku, oftast í litlum hópum.

Úrvinnsla þessarar heimsóknar er einnig til í PowerPoint glærum, þar sem ég hef dregið saman hvaða áherslur Svíar eru að

leggja í vinnu og móttöku erlendra nemenda, barna og fullorðinna.

Vorráðstefna MSHA 14. apríl

Yfirskrift vorráðstefnu MSHA að þessu sinni var „*Sterkari saman – farsælt samstarf heimila og skóla*“. Þar var fjallað um sameiginlega ábyrgð heimila og skóla á menntun og ýmsar leiðir í samstarfi. Athygli var einnig bent að því hve erlendir foreldrar geta upplifað íslenskt skólakerfi gjörólíkt öllu því sem þeir hafa áður þekkt og hve mikilvægt er að kynna það og útskýra og hvetja erlenda foreldra til virkrar þátttöku.

Fræðslufundir og fyrirlestrar fyrir kennara og annað starfsfólk skóla

Fræðsla fyrir starfsfólk grunnskólanna

Fræðsla haustsins byrjaði um miðjan ágúst í Símei, þar sem við Helgi Þ. Svavarsson vorum með fræðslu fyrir starfsfólk grunnskólanna um fjölmenningu.



Þetta voru þrjár fundir, hver þeirra 2.5 klst. Vel var mætt og á hverjum fundi voru 30 – 40 manns. Markmið fundanna var að líta aðeins í eigin barm og velta eigin viðhorfum fyrir sér og hugsa um hvort fjölmennningarlegt samfélag sé í raun meira

í orði en á borði. Leggjum við okkar af mörkum til að aðstoða erlenda íbúa bæjarins við að aðlagast nýju samfélagi, menningu og tungu? Eru upplýsingar sem varða þjónustu bæjarfélagsins aðgengilegar á öðrum tungumálum en íslensku? – Eða þurfum við, sem einstaklingar og samfélag, að taka okkur tak í þessum málaflökki?

Haustfundir – heimsóknir á kennarafundi grunnskólanna

Í septembar heimsótti ég kennarafundi í Glerárskóla, Naustaskóla, Oddeyrarskóla og Síðuskóla og sagði frá nýjungum á vefnum sem gætu gagnast kennurum nemenda með ísl. sem annað tungumál. Þá fór ég einnig yfir nýja kynningarefnið sem hefur verið þýtt á þrjú tungumál. Einnig kynnti ég námskeið sem er verið að undirbúa fyrir kennara nemenda sem hafa íslensku sem annað mál. Í október kom svo að Brekkuskóla, Giljaskóla og Lundarskóla með sama erindi. Þessum fundum öllum lauk svo með fundi með kennurum Hlíðarskóla þar sem áhersla var lögð á að mikill hluti þess námsefnis sem hefur verið aðlagð nemendum með íslensku sem annað tungumál, hentar einnig vel þeim íslensku nemendum sem ekki lesa langa og flókna texta í lesgreinum og að kennarar geta nýtt sér aðlagð námsefni, þó svo að þeir séu ekki með nemendur sem eru að læra íslensku sem annað mál.

Fjarfundur með kennurum í Vestmannaeyjum

Í september var ég beðin um að koma með fræðslufund til Vestmannaeyja. Þar sem mér fannst það heldur langt ferðalag varð niðurstaðan sú að hafa fjarfund þar sem ég færi í gegnum ýmsar leiðir við kennslu orðaforða- og hugtaka með kennurum.

Þetta fyrirkomulag tókst nokkuð vel - en vissulega er þessi leið ekki eins góð þegar litið er til samræðna, spurninga og þeirrar gagnvirkni sem best er að hafa á slíkum fundum.

Fundir og ráðgjöf með starfsfólki skóla og félagsþjónustu í Fjarðabyggð

Í janúar fengum við á fræðslu- og fjölskyldusviði heimsókn frá Fjarðabyggð en þar er von á hópi flóttafólks um miðjan febrúar. Við miðluðum reynslu af móttökuferli sýrlenska hópsins okkar. Í framhaldi þeirrar heimsóknar vorum við Kristín Sóley með símafund þar sem hópurinn fyrir austan var fjölmennari, sérstaklega frá skólum og leikskólum á svæðinu. Einnig hafði verkefnastjóri á Vestfjörðum samband vegna komu flóttafólks til þeirra, fékk skýrslu mína um móttöku nemenda í grunnskóla og aðrar upplýsingar eins og ég gat veitt henni.

Námskeiðsröð fyrir kennara á vorönn

Á haustönn var ákveðið að Miðstöð skólaþróunar HA og fræðslusvið stæðu saman að námskeiðsröð fyrir grunnskólakennara um nám og kennslu nemenda af erlendum uppruna. Í desember var lokið við að skipuleggja dagskrá og var auglýsing send í alla skóla fyrri hluta desembermánaðar. Alls voru 45 kennarar skráðir til leiks.

Inntak námskeiðsins var þannig:

- Menning og viðhorf
- Fjölmennung – fljúgandi teppi
- Tvítyngi og fjöltýngi
- Orðaforðavinna
- Notkun snjalltækja í kennslu

Námskeiðið fór fram í sal Brekkuskóla, mánudagana 22. janúar, 5. og 19. febrúar og 5. og 19. mars.

Þátttaka í málþingi á vegum Ísbrúar þann 7. maí

Þann 7. maí hélt Ísbrú, Félag kennara nemenda með íslensku sem annað mál, málþing í Háteigskirkju. Milli 70 og 80 manns mættu á þingið en yfirskrift þess var **Fögnum íslensku sem öðru tungumáli**. Þar sagði ég frá þeim leiðum sem við á Akureyri höfum farið í móttöku flóttafjölskyldna í bæinn og hvernig við höfum íslenskunám allra fjölskyldnanna saman, áður en nemendur fóru hver í sinn grunnskóla eða leikskóla. Sagði auk þess frá skipulagi á starfi mínu og vefnum sem er opinn öllum kennurum og nýtist vonandi sem flestum sem hafa nemendur af erlendum uppruna í bekknum sínum. Á málþinginu fluttu einnig erindi fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Menntamálaráðuneyti, Menntamálastofnun, menntavísindasviði Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Kópavogi og víðar.



Fundur með kennurum Hörðuvallaskóla

Í þessari sömu ferð heimsótti ég nokkra kennara Hörðuvallaskóla í Kópavogi sem voru að velta fyrir sér auknum fjölda erlendra nemenda, hvernig væri hægt að koma til móts við þá, móttökuáætlun, stöðumati o.fl. Góður fundur með áhugasömum kennurum.

Kennsla á móðurmáli nemenda

Framboð á kennslu í móðurmáli nemenda hefur ekki verið mikið hér á Akureyri. Fræðsluvið hefur þó tvisvar sinnum haft forgöngu um að bjóða nemendum upp á kennslu í pólsku en engin móðurmálskennsla hefur verið í gangi síðustu vetur.

Síðasta vor höfðu foreldrar barna sem hafa



arbísku sem móðurmál látið í ljós áhuga á því að vera með arbísku-kennslu.

Akureyrarbær hefur ekki greitt laun til þeirra

sem taka að sér móðurmálskennslu en stutt við framtíkið með því að bjóða húsnæði, ljósritun kennslugagna o.s.frv. Nú í haust fór því af stað kennsla í arabísku í Glerárskóla á laugardögum. Nemendum var tvískipt hjá tveimur vel menntuðum leiðbeinendum úr hópi foreldra barna sem hafa arabísku sem móðurmál sitt.

Pólskir nemendur eru fjölmennasti hópur erlendra nemenda skóla bæjarins og nú býr pólsk, kennaramenntuð kona í bænum. Hún ákvað að bjóða upp á pólskukennslu á vorönn og hófst sú kennsla í Lundarskóla, einnig á laugardögum, í tvískiptum nemendahópi.



Pólsku krakkarnir, kennari þeirra og foreldrar fengu skemmtilega heimsókn

laugardaginn 3. mars en þá komu pólsku sendiherrahjónin, Gerard og Margherita, í heimsókn í pólskutíma. Þau höfðu heyrt af þessari kennslu og lögðu land undir fót til að fylgjast með, hvetja foreldra til að halda pólskunnni við og bjóða aðstoð sendiráðsins ef það gæti lagt eitthvað af mörkum. Gérard Pokruszynski hefur verið sendiherra hér frá síðustu áramótum og það var ángæjulegt fyrir pólska íbúa bæjarins að fá þesa heimsókn. Það var einnig ómetanlegt að þau hjón komu með margar pólskar barna- og unglingabækur sem nú hafa verið skráðar og merktar í Amtsbókasafninu. Í upphafi verða þessa bækur staðsettar í Lundarskóla. Það er auðvelt fyrir kennara að fá þær lánaðar, þannig að pólskir nemendur allra grunnskólanna eiga greiðan aðgang að þessum bókakosti.



Viðhald og þróun móðurmáls hvers einstaklings er mjög mikilvægur þáttur í þroska viðkomandi, auk þess að styðja við og auðvelda allt það nám sem þarf að fara fram á íslensku hjá nemendum í efri hluta grunnskóla og framhaldsskóla. Þess vegna er nauðsynlegt að styðja við frumkvæði foreldra sem vilja sinna móðurmálskennslu.

Bækur á erlendum tungumálum í grunnskólum bæjarins

Á síðustu árum hefur bókum á erlendum tungumálum fjölgað mikið. Auk einstakra

bókagjafa hafa kennarar skólanna stundum keypt bækur á ferðum sínum erlendis og þannig hefur smám saman bæst í þennan bókaflökk. Fæstar þessarar bóka hafa verið skráðar formlega inn í bókasafnskerfi og því erfitt að henda reiður á hvað er til og hvar. Nú á vordögum var ákveðið að hefjast handa við formlegar skráningar erlendra bóka og Þorsteinn, starfsmaður Amtsbókasafnsins tók það að sér og var byrjað á því að skrá allar pólskar bækur skólanna. Síðan munum við vonandi halda áfram með skipulögðum hætti uns við höfum lokið við að frumskrá þær bækur sem þegar hafa safnast, óskráðar, í skólana.

Fjöldi nýrra nemenda skólaárið 2017-2018

Óvenju margir erlendir nemendur hófu nám í grunnskólum bæjarins í desember og janúar þessa skólaárs. Bæði voru fjölskyldur að flytja á milli bæjarfélaga og eins voru óvenjulega margir að koma beint frá sínu heimalandi til búsetu á Akureyri. Það var því mikið um móttökufundi með foreldrum og nemendum þar sem við reyndum að koma sem bestum upplýsingum á framfæri um grunnskóla Akureyrarbæjar.

Fjöldatölur

Í febrúar 2018 voru alls 208 nemendur í grunnskólum Akureyrar, sem áttu annað foreldri eða báða foreldra erlenda. Þetta er um 8.45% af heildarfjölda nemenda grunnskólanna.

Um 62% nemenda af erlendum uppruna í grunnskólum Akureyrar eru fæddir á Íslandi og um 47% nemenda af erlendum uppruna eiga báða foreldra sína erlenda.

Alls tala nemendur af erlendum uppruna um 31 tungumál. Flestir nemendur eiga pólsku sem móðurmál, eða alls 33

nemendur. Aðrir fjölmennir málahópar eru tailenska og enska en 24 nemendur eiga hvort málanna sem upprunamál og 13 nemendur tala arabísku.



Fjöldi nemenda af erlendum uppruna er nokkuð mismunandi eftir skólum. Hlutfallið er hæst í Oddeyrarskóla en þar eru um 17% nemenda af erlendum uppruna. Hlutfallið er hins vegar lægst í Giljaskóla en þar eru aðeins rúm 3% nemenda af erlendum uppruna.

Þróunarverkefni – styrkumsókn

Í byrjun febrúar sendi ég, ásamt Huldu Karen Daníelsdóttur hjá MMS, umsókn um styrk í þróunarsjóð innflytjendamála, hjá velferðarráðuneytinu. Heiti verkefnis í umsókninni var: *Hvaða áherslur eru í íslensku skólakerfi? Spurningar erlendra foreldra.*

Í byrjun júní fengum við svar, þar sem styrkumsókn okkar var samþykkt. Alls bárust 72 umsóknir í sjóðinn, samtals að upphæð um 118 milljónir króna. Alls var úthlutað 23 styrkjum, samtals að upphæð rúml. 14 milljónum kr.

Í verkefninu stefnum við að því að setja saman texta þar sem fjallað er um hugmyndafræði íslenska skólakerfisins, gildi og áherslur. Í þáttum um lykilhæfni er komið inn á ýmsa mikilvæga þætti eins og sköpun og frumkvæði, sem er mörgum erlendum foreldrum framáandi. Agi og agastefnur og heimanám eru líka þættir

sem oft eru ólíkir því sem foreldrar þekkja úr eigin umhverfi.

Eftir þýðingu slíks texta yrðu útbúin stutt myndbönd þar sem sagt væri frá skólastarfi á nokkrum tungumálum, og helst fylgdu myndir úr skólastarfi sem tengdust textanum.

Þannig gætu kennarar bæði bent foreldrum á að kynna sér efnið á netinu, eða haft það í boði, t.d. á haustfundum, eða þar sem kynningar fara fram á skólastarfi.

Önnur verkefni skólaársins

Lean vinna

Á vordögum 2017 var byrjað að kynna innleiðingu *Lean* stefnu (straumlínulöguð stjórnun og áhersla á umbótameningu) á fræðslusviði og við fengum fyrstu kynningu á hugmyndafræðinni.

Á haustdögum héldum við svo áfram og settum upp nokkur smærri teymi sem funduðu reglulega, bæði í upphafi dags og svo rétt fyrir hádegi. Við reyndum ýmsar leiðir við Lean vinnuna okkar og ný teymi urðu til utan um einstök verkefni. Ný teymi höfðu einnig það markmið að brjóta hópinn aðeins upp, þannig að við værum að vinna með sem flestum, en festumst ekki hvert í sínu litla teymi. Teymi unnu afmörkuð verkefni sem mótuðust nokkuð af stöðu okkar sem nýjum og stærri samstarfshópi innan fræðslusviðs, í kjölfar stjórnkerfisbreytinga Akureyrarbæjar. Því fór nokkur orka í það að kynnast hvert öðru, starfssviði samstarfsfólksins, menningu og hefðum sem hvor hópur hafði áður haft á vinnustað sínum.

Teymisvinna

Á vorönn fór af stað teymisvinna í samstarfi

fræðslusviðs og Miðstöðvar skólaþróunar HA. Teymiinu var ætlað að bregðast skjótt við tilvísunum frá grunnskólum um aðstoð af ýmsu tagi, t.d. hvað varðar málefni einstakra nemenda, bekkjarstjórnun, samskipti o.fl. Nokkrar tilvísanir bárust fljótlega og skiptum við, sem í teyminu erum í dag, með okkur verkum. Við hittum bæði kennara, nemendur og foreldra, ræddum viðfangsefni, fylgdumst með samskiptum inni í bekkjum og komum með hugmyndir um vinnulag og áherslur sem gætu þokað málum í betri farveg. Í maímánuði var þeim málum sem vísað var til teymisins lokið og nú eru engar umsóknir sem þarf að bregðast við.

Hugleiðingar að vori

Verkefni sem bíða okkar

Okkar bíða mörg verkefni með erlendum nemendum, kennurum þeirra og foreldrum. Aðstæður fjölskyldna eru af ólíkum toga þegar þær koma til okkar og hlutfall flóttafólks og nú síðast hælisleitenda sem hafa fengið búseturétt hefur aukist. Nemendur koma inn í skólana á öllum tímum skólaárs og þá er staðan oftast sú að kennsluvóti hvers skóla er fullnýttur. Þá reynir á útsjónarsemi kennara og stjórnenda við samsetningu hópa, forgangsröðun og nýtingu mannauðs í því mikilvæga verkefni okkar að sjá erlendum nemendum fyrir nauðsynlegri aðstoð við íslenskunám. Nú hefur fræðslusvið brugðist við fleiri nemendum með aukningu á kennslustundum til úthlutunar skóla. Þá reynir einnig á sveigjanleika og viðbrögð innan skólanna til að nýta þær kennslustundir sem best hverju sinni.

Nemendur af erlendum uppruna eru hluti almenns skólasamfélags. Þeir eru auðlind og reynsla þeirra og þekking geta aukið

víðsýni okkar um leið og þeir reyna á hæfni okkar sem kennara. Við þurfum að leggja sífellt meiri áherslu á kennslu hugtaka, auka umræðu, samvinnu og verklega vinnu. Slíkar leiðir koma nemendum sem eru að læra íslensku mjög til góða – svo og flestum íslenskum nemendum, sem þurfa sífellt meiri aðstoð og útskýringar á þeim hugtökum námsgreina sem ekki teljast til okkar daglega orðaforða.

Kennarar kalla jafnframt eftir aðstoð við að koma skilaboðum til erlendra foreldra. Þar þurfum við að vanda okkur og meta hvaða upplýsingar við þurfum að láta þýða og hvar við nýtum þjónustu túlka. Best er þegar kennarar koma óskum um afmörkuð verkefni skýrt á framfæri og þá er hægt að meta hvert verkefni fyrir sig. Til bóta er, að nú eru reikningar frá túlkum greiddir miðlægt á fræðsluviði, en þessi kostnaður hefur komið mjög misjafnlega við skólana.

Akureyrarbær hefur enn ekki markað sér stefnu um móðurmálskennslu erlendra nemenda. Viljum við að sú ábyrgð liggja hjá foreldrum, eins og er í dag – og reyna að styðja við slíka kennslu þegar eftir því er leitað, t.d. með aðgangi að húsnæði? Viljum við stefna að því að þegar nemendafjöldi sem talar tiltekið tungumál nær vissri tölu, höfum við frumvæði að því að boðið verði upp á kennslu í móðurmáli? Viljum við launa slíka kennslu, viljum við gera tilteknar kröfur til þeirra sem taka kennsluna að sér, setja henni markmið og umgjörð? Þetta eru allt spurningar sem við eigum ekki svör við í dag en þurfum að leiða hugann að fyrr en síðar.

Fjöldi nýrra nemenda getur auðvitað verið sveiflukennður og því eðlilegt að álag sé mismikið í starfi kennsluráðgjafa. Verkefnin eru hins vegar ætíð næg, sé litið til ráðgjafar og fræðslu, viðhalds vefs og

gagnabanka, aðlögunar námsefnis, námsefnisgerðar, umsjónar með þýðingum gagna og upplýsinga, funda með kennurum, foreldrum og nemendum o.s.frv.

Það er líka ótrúlega gaman að vinna með nemendum og foreldrum sem eru að flytja heimili sitt til Akureyrar, þar sem margt er nýtt og framandi og óteljandi spurningar vakna um skóla og skólagöngu, menningu, síði og venjur sem flestir vilja heyra um, læra og tileinka sér eftir bestu getu.

Ábyrgðin er sameiginleg; okkar og þeirra!

Akureyri, 7. júní 2018

Helga Hauksdóttir

